

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Leirubakki, Holta- og Landsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. janúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 616 ha landbúnaðarsvæði í landi Leirubakka breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Aðkoma að svæðinu verður frá Þjóðvegi nr. 26, Landvegi, og eftir Réttarnesvegi á vesturmörkum jarðarinnar.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. janúar 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2006